

Nd.

78. Frumvarp til laga

um gengisskráningu.

Flm.: Hannes Jónsson.

1. gr.

Skipuð skal nefnd, er hafi á hendi skráningu á gengi erlends gjaldeyris.

Í nefndinni eiga sæti 3 menn, er fjármálaráðherra skipar, einn eftir tilnefningu Landsbanka Íslands, og sé hann formaður nefndarinnar, einn eftir tilnefningu Búnaðarfélags Íslands og einn eftir tilnefningu Fiskifélags Íslands.

2. gr.

Gengi hins erlenda gjaldeyris skal nefndin skrá með tilliti til þess, að höfuð- atvinnuvegir þjóðarinnar, landbúnaður og sjávarútvegur, fái endurgreitt tilkostnaðarverð fyrir útflutningsvörur sínar.

3. gr.

Nefndin hefir rétt til að krefjast upplýsinga hjá stofnunum og einstökum mönnum um allt það, er henni þykir þörf á, til að geta ákveðið meðaltals-tilkostnaðarverð þeirrar vöru, sem seld er á erlendum markaði.

Nefndin er bundin þagnarskyldu.

4. gr.

Nefndin heldur fundi svo oft sem formaður telur þörf á. Skylt er formanni og að kveðja nefndarmenn til funda, ef annarhvor samnefndarmanna hans óskar þess.

5. gr.

Ríkisstjórnin ákveður þóknun til nefndarmanna fyrir störf þeirra. Greiðir hver aðili þóknun þess nefndarmanns, er hann tilnefuir, en skrifstofukostnaður nefndarinnar greiðist úr ríkissjóði eftir reikningi, sem fjármálaráðherra úrskurðar.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt eru úr gildi felld ákvæði laga nr. 48 4. júní 1924 og laga nr. 9 27. maí 1925, er koma í bága við lög þessi.

Greinargerð.

Samhljóða frv. hefir legið fyrir tveimur síðustu þingum, en ekki fengið afgreiðslu. Síðan hafa þau tíðindi gerzt, að ætla mátti, að ríkisstjórnin myndi bera fram frv. í þessa átt. Meðal annars hefir Alþýðublaðið lýst gengislækkun franska frankans sem stórfelldri ráðstöfun til viðreisnar í fjármálum frönsku þjóðarinnar, og ættu því hliðstæðar ráðstafanir hér að hafa svipaðar afleiðingar fyrir fjármál og atvinnulíf þjóðar vorrar. Flokksþing Framsóknarflokksins hefir og óbeint lýst

því yfir, að ekki verði lengur unað við það ástand, sem nú er ríkjandi í þessu efni. Og ennfremur hafa borizt háværar kröfur frá atvinnuvegunum um gengislækkun.

Ríkisstjórnin lætur þó ekkert til sin heyra í þessu máli, og sýnist því ekki megn dragast lengur að flytja þetta frv.

Að öðru leyti vísast til þeirrar greinargerðar, sem áður hefir fylgt frv. og er svo hljóðandi:

„Fyrir síðasta þingi lá frunv. um breytingu á lögum um gengisskráningu, en það náði ekki afgreiðslu. Síðan það var borið fram hefir orðið sú breyting á, að störf gengisnefndar hafa verið lögð niður um sinn.

Varla mun nokkur maður, sem eitthvað þekkir til aðalatvinnuvega vorra -- landbúnaðar og sjávarútvegs -- láta sér detta í hug að neita þeirri staðreynd, að báðir þessir atvinnuvegir hafa verið reknir árum saman með stórtöpum.

Það getur ekki verið ágreiningur um, að nauðsyn beri til að ráða bót á þessu ófremdarástandi. En til þess að bera fram rökstuddar tillögur í þá átt er nauðsynlegt að gera sér grein fyrir því, hverjar eru aðalástæðurnar fyrir því, að svona er komið.

Jafnframt lækkuðu söluverði framleiðsluvaranna á erlendum markaði hefir stéttasamkeppnin um hækkun kaupgjalds ásamt kröfum til meiri lífsþæginda hækk- að kostnaðarhliðina í rekstri atvinnuveganna. Við þetta bætist aukin vaxtagreiðsla af stöðugt hækkandi skuldum, sem myndast af rekstrartöpum atvinnuveganna. Bilið milli framleiðslukostnaðar og söluverðs afurðanna hefir því farið stöðugt vaxandi.

Innanlands hefir þessi jafnvægisröskun komið fram í taumlausri skuldasöfnun og gjaldþrotum framleiðenda, auknu atvinnuleysi og stórtöpum banka og sparifjár- eigenda.

Út á við hefir þetta öfugstreymi komið í ljós sem óhagstæður verzlunarjöfnu- uður, og hefir hann verið greiddur, eins og kunnugt er, með stöðugum lántökum erlendis í nafni ríkis og einstaklinga. Samdráttur í magni framleiðsluvaranna hefir og haft sin áhrif í þá átt að auka þessa óhagstæðu útkomu.

Fræðilega má finna fleiri en eina leið til lausnar þessu vandamáli. En sú leiðin, sem auðveldast er að fara og flestar þjóðir hafa gengið inn á í sama augnamiði, er hækkun á skráningu erlends gjaldeyris.

Sænskur hagfræðingur, Erik Lundberg, sem dvaldi hér á landi á vegum ríkis- stjórnarinnar nokkurn hluta ársins sem leið, heldur því fram og rökstyður, að er- lendi gjaldeyririnn sé nú of lágt metinn sem nemi um 40%.

Þó svo kynni að fara við fullkomnari rannsókn um þetta efni, að hið raun- verulega gildi krónunnar reyndist ekki það sama og hér er nefnt, þá er þessi niður- staða svo nálægt því, sem menn úr ýmsum stjórnmalaflokkum hér, sem kunnugastir eru afkomu atvinnuveganna, hafa haldið fram, að ástæðulítið er að ætla, að viðtekari rannsókn leiddi til niðurstöðu, sem viki í verulegum atriðum frá þeirri, sem þegar er fengin.

Hvergi mundi slíkt ósamræmi í skráningu gjaldeyrisins geta átt sér stað þar, sem sala gjaldeyris væri frjáls og óþvinguð.

Hér hafa atvinnuvegirnir, landbúnaður og sjávarútvegur, verið sviptir öllum umráðarétti yfir gjaldeyrinum, og þó leggja þeir til allar þær gjaldeyrisvörur, sem þjóðarbúið á. Þeir einir verða að inna af hendi það hlutverk að fullnægja þörf lands- manna á gjaldeyri til vörukaupa frá útlöndum og til greiðslu afborgana og vaxta af erlendum lánunum. Veltur því afkoma þjóðarbúsins og allra landsmanna, hvernar stétt- ar sem eru, á því, að þessir atvinnuvegir fái borið sig fjárhagslega. Er því í frv. þessu lagt til, að skráningu hins erlenda gjaldeyris verði hagað með tilliti til þessa.

Í greinargerð með frv. um breytingu á lögum um gengisskráningu, sem lá fyrir síðasta þingi, og í framsögu við 1. umr. þess er gerð grein fyrir, hversu brýn fjár- hagsleg nauðsyn þessum höfuðatvinnuvegum þjóðarinnar er á réttlátri skráningu hins erlenda gjaldeyris, og vísast til þess.“